

Fundargerð 13. fundar

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 12. september 2014

Föstudaginn 12. september 2014 kl. 13.00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til símafundar.

Mættir voru: Svanfríður Inga Jónasdóttir formaður, Róbert Ragnarsson, Guðný Sverrisdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Elliði Vignisson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og ritaði fundargerð.

Þetta var tekið fyrir:

1. Undirbúningur aðalfundar

Aðalfundur samtakanna verður miðvikudaginn 8. október 2014 á Hilton Reykjavík Nordica. Formanni falið að reyna að fá sjávarútvegsráðherra til að mæta á aðalfundinn til að kynna frumvarp um stjórn fiskveiða. Róberti falið að ræða við fulltrúa Codland um að halda erindi um nýjungar í úrvinnslu sjávarafla. Rætt um að útbúa drög að ályktun til að leggja undir aðalfundinn.

Formanni og starfsmanni falið að undirbúa aðalfund samtakanna.

2. Kynningarbréf til kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum

Lagt fram bréf sem sent var út á öll aðildarsveitarfélög samtakanna. Í bréfinu er farið yfir tilgang og markmið samtakanna.

Til kynningar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:20
Fundargerð skráði VRH.